

Mál nr. 200//2020**M og
V vegna ábyrgðartryggingar A - dagvistunar aldraðra hjá V****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss sem M varð fyrir hinn 18.10.2017.****Gögn.**

1. Málskot dags. 04.06.2020 ásamt fylgigögnum 1-14.
2. Bréf V dags. 09.06.2020 ásamt fylgigögnum 15-16.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 11.08.2020.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 18. október 2017 hafi M slasast við störf sín hjá A. Nánar tiltekið hafi M verið að aðstoða aldraðan vistmann við böðun og hafi hún setið á vinnukolli og verið að þurrka fætur vistmannsins þegar sætið á stólnum gaf sig með þeim afleiðingum að M féll í gólfið og slasaðist. M gerir kröfu til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna atviksins. M rökstyður kröfu sína m.a. með því að húsasmíðameistari sem gert hafi við stólinn í kjölfar atviksins hafi talið að mikið álag hafi leitt til þess að sessan gaf sig, en stóllinn hafi lengi verið í mikilli notkun. A hafi því vanrækt að tryggja aðbúnað og öryggi starfsfólks, en vinnuveitanda hafi borið að huga að því að vinnustólar hafi ákveðinn líftíma og slitni eftir ákveðna notkun. Áhöld starfsfólks þurfi að vera örugg og hafi A ekki gætt að því sem skyldi. Þá hafi A vanrækt að tilkynna um slysið til Vinnueftirlitsins, og hafi tilkynning um það ekki verið send fyrir en hinn 11. júní 2018. Beri A því hallann af sönnunarskorti á upplýsingum um atriði sem áhrif geti haft á sakarmat í málinu. Máli sínu til stuðnings vísar M til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum svo og reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V fram að samkvæmt upplýsingum frá A hafi stóllinn verið í notkun alla virka daga, við að aðstoða vistmenn við böðun, en þrír til fimm fari í það hvern dag. Starfsfólk A fylgist sjálf með sínu vinnusvæði og tilkynni um það sé einhverju ábótavant. Fyrir umrætt slys hafi A ekki borist neinar kvartanir vegna stólsins og starfsfólk hafi ekki tekið eftir neinu athugasemdir við hann. A hafi því ekki verið ljóst að slysaætla gæti hlotist af stólnum og því hefði ekki verið sýnt fram á vanrækslu. Þar sem ekki hafi verið sýnt fram á að slysið megi rekja til atriða sem A beri skaðabótaábyrgð á er bótaskyldu því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum til nefndarinnar áréttar M að það sé á ábyrgð vinnuveitanda en ekki starfsfólks hans að sjá til þess að aðbúnaður sé fullnægjandi. Þegar M hafi hafið störf hjá A hafi hún ekki fengið neinar leiðbeiningar um að verklagsreglur væru þær að henni bæri að fylgjast sérstaklega með sínu vinnusvæði og tilkynna um það væri einhverju ábótavant. Að öðru leyti ítrekar M áður fram komnar röksemdir sínar.

Álit:

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu en það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Ekki er deilt um það að orsök slyssins hafi verið sú að hnakklaða sessa á umræddum stól gaf sig með þeim hætti, að því er virðist af gögnum málsins, að skrúfur sem festu fót stólsins við sessuplötuna losnuðu. Ekki hefur þó verið sýnt fram á hvert ástand stólsins var fyrir umrætt atvik, hvort gera hafi mátt ráð fyrir að hættu gæti stafað af notkun hans eða að notkun hans hafi verið óforsvaranleg, og verður það ekki fullyrt af þeim ódagsettu ljósmyndum sem fyrir nefndinni liggja. Þá liggur ekki fyrir nefndinni faglegt mat viðgerðaraðila eða annarra á ástandi stólsins fyrir atvikið. Enn fremur verður ekki séð að það starfsfólk sem notaði stólinn við vinnu sína hafi gert athugasemdir við ástand hans. Liggur því ekkert fyrir um að A hafi haft vitneskju um að umræddur stóll væri vanbúinn með einhverjum hætti eða þyrfti viðgerðar við. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að notkun stólsins, t.a.m. með tilliti til aldurs, hafi verið óforsvaranleg og að A hafi borið að bregðast við af þeim sökum. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því ekki talið að sýnt hafi verið fram á

að slys M rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A eða aðila sem A ber ábyrgð á. Ber því að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 8. september 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.